



Aðalskráning fornleifa
vegna aðalskipulags í landi
Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í
Árnessýslu



Bjarni F. Einarsson
2005

Forsíðumyndin sýnir dyr í fornleifum nr. 54:2. Norðurendi Úlfjótsvatns í bakgrunni. Ljós. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur
Ágúst 2005

Inngangur


Að beiðni Línuhönnunar hf, fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað sumarbústaðaland í landi Ölfusvatns í Grafningshreppi, Árnassýslu, vegna vinnu að aðal- og deiliskipulagi svæðisins. Í fyrsta áfanga (aðalskráning vegna aðalskipulags) var nær allt svæðið kannað á vettvangi með tilliti til þeirra fornleifa sem heimildir geta um (sjá mynd 1 og 2). Voru allar fornleifar GPS mældar og þær merktar inn á loftmynd. Fyrir lá skýrsla um allar fornleifar sem heimildir eru um, en þær voru ekki staðsettar á kort og ekki GPS mældar. Um var að ræða svæðisskráningu (Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson 1997).

Flestar fornleifarnar sem nú voru skráðar voru ljósmyndaðar og metnar þegar við átti, en því verki verður lokið að fullu síðar þegar öðrum áfanga lýkur (deiliskráning vegna deiliskipulags), en honum mun ljúka eigi síðar en 12. september næstkomandi. Í þeim áfanga verða rústir teiknaðar, þeim lýst, þær metnar með tilliti til hættumats, hættu, ástands, aldurs, varðveislugildis og minjagildis. Einnig verður svæðið kannað enn frekar á vettvangi og fornleifa leitað sem heimildir geta ekki um.

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, og Friðlýsingarskrá.

Skráningin

Vettvangsvinna fyrsta áfanga fór fram á tímabilinu 15. ágúst – 23. ágúst síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Byrjað var á næsta lausa númeri Gnúpverjahrepps í gagnagrunni Fornleifafræðistofunnar.



Mynd 1. Staðsetning skráðra fornleifa í landi Úlfjótssvatns. Aðeins vantar fornleifar nr. 59 sem eru talsvert suður af syðstu (neðstu) minjunum á myndinni. Bent skal á að fornleifum á eftir að fjölga þegar fornleifaskráningu (deiliskráningu) er lokið og ófundnar fornleifar að finnast eða þær taldar horfnar. Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Á mynd 1 vantar aðeins fornleifar nr. 59 sem eru Efstjómýrarvarða. Hún er landamerkjavarða syðst í landi Úlfljótsvatns og markar einnig hreppamörk á milli Ölfuss- og Grafningshrepps. Hún verður væntanlega GPS mæld og ljósmynduð í tengslum við deiliskráninguna sem hefst að lokinni þessari skráningu.

Þær fornleifar sem fundust örugglega eru merktar með rauðum lit á myndum 1 og 2. Þær sem eru taldar horfnar eru hinsvegar merktar með bláum krossi í bláum hring. Fornleifar merktar gulu voru fornleifar sem ekki fundust nú eða nákvæm staðsetning verður ekki ákvörðuð án rannsóknar. Sumar fornleifar eru merktar með tölustöfum einum eða X og tölustöfum á mynd 1, en það eru fornleifar sem ekki hafa neinn einn sérstakan stað, heldur eru dreifðar um afmarkað svæði svo sem kolagrafir (nr. 27), ferjustaðir (nr. 12, 40, 48 og 49) og staður tengdur þjóðtrú (draugagangur, nr. 57).

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals fundust 58 staðir (nr. 2 – 59) með fornleifum á hinu kannaða svæði. Er fjöldi einstakra fornleifa allavega fleiri en 74. Þessar tölur munu hækka við deiliskráninguna.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngrípir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001).

Úlfljótsvatns er fyrst getið um 1220 (Ísl. fornbréfasafn 1857-76:409). Þá er kirkjunnar getið í máldaga kirkjunnar á Bíldsfelli. Elsti máldagi yfir kirkjuna á Úlfljótsvatni er frá árinu 1397 (Ísl. fornbréfasafn 1897:93). Þar kemur m.a. fram á hún á jörðina Villingavatn. Staðurinn gæti verið eldri en þessar heimildir gefa til kynna.

Gæta verður þess að leggja ekki vegi eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og sérstaka aðgát skal höfð í námundan við gamla bæjarhólinn og þar sem grunur leikur á að hjáleigur hafi staðið. Trjárækt

ber að halda frá fornleifum. Mælt er með því að halda mannvirkjum a.m.k. 20 m frá ystu sýnilegu mörkum einstakra fornleifa.

Niðurstæða

Alls fundust 58 staðir með fleiri en 74 fornleifum á því svæði sem kannað var í fyrsta áfanga þessa verks sbr. mynd 1 og 2. Miklu máli skiptir hvar bústöðum verður fyrir komið svo að fornleifar séu ekki í uppnámi. Sama á við um vegi, göngustíga og tré.

Leyta þarf leyfis Fornleifaverndar ríkisins ef ekki er hægt að tryggja öryggi einstakra fornleifa, eða þess óskað að nema þær á brott vegna framkvæmda.

Sæta þarf þeim skilmálum sem embættið kann að setja í því sambandi.



Mynd 2. Loftmynd af staðsetningu fornleifa nr. 3:1-9 við Úlfljótsvatn og nánasta umhverfi bæjarins. Sömu skýringar og á mynd 1. Ath. að fornleifar nr. 4, 7 og 35 eru ekki á þessari mynd (sjá mynd 1). Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Heimildir

Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Meningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1997.

Björn Bjarnason. *Sagnakver II*. Ísafirði 1903.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík 1983.

Íslenskt fornbréfasafn. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1857-76.

Íslenskt fornbréfasafn. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn 1897.

- Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur VII.* Safnað hefir Guðni Jónsson.
Reykjavík 1948.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Annað bindi.
Kaupmannahöfn 1918-1921.
- Kristian Kálund. *Íslenskir sögustaðir. Sunnlendinga-fjórðungur.*
Reykjavík 1984.
- Sigurður Vigfússon. „Rannsókn á hinum forna alþingisstað
Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr.“ *Árbók Hins ísl.
fornleifafélags 1880-1881.* Reykjavík 1881.
- Sunnlenskar byggðir III. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík
1983.
- Sýslu- og sóknalýsingar. Árnessýsla. Reykjavík 1979.
- Túnakort 1918. Úlfljótsvatn. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- Örnefnaskrá Úlfljótsvatn. Handrit 1944. Örnefnastofnun.

Fylgirit:

Fornleifaskrá Grafningshreppts nr. 2 – 59